

Niðurstöður aðalfundar 2023

Aðalfundur Eikar fasteignafélags hf. var haldinn fimmtudaginn 30. mars 2023 kl. 16:00. Fundurinn fór fram rafrænt og í salnum Vox Club á Hilton Hotel, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík.

Tillögur stjórnar, sem lágu fyrir á fundinum, er að finna á heimasíðu félagsins undir slóðinni www.eik.is/hluthafar.

1. Ársreikningur

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2022.

2. Ráðstöfun hagnaðar félagsins á rekstrarárinu 2022

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um að félagið greiði hluthöfum arð sem nemur 0,59 kr. á hlut fyrir árið 2022. Heildarjánhæð arðgreiðslunnar er um 2.000.000.000 kr.

Arðleysisdagur er 31. mars 2023, það er sá dagur sem viðskipti hefjast með hlutabréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2022.

Arðsréttindadagur verður 3. apríl 2023. Skráðir hluthafar félagsins í lok arðsréttindadags eiga rétt á arðgreiðslu í samræmi við framangreint.

Útborgunardagur verður 12. apríl 2023 og greitt verður í íslenskum krónum.

3. Þóknun fyrir stjórnarstörf

Aðalfundur samþykkti að stjórnar- og nefndarlaun verði eftirfarandi:

- Laun hvers stjórnarmanns verði 395.000 kr. á mánuði en laun stjórnarformanns verði tvöföld þóknun stjórnarmanns.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í starfskjaranefnd verði 45.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Ekki skal greitt sérstaklega fyrir formennsku.
- Laun stjórnarmanna sem sitja í endurskoðunarnefnd verði 90.000 kr. á mánuði. Aðrir en stjórnarmenn sem sæti eiga í nefndinni fá greitt fyrir hvern unninn tíma samkvæmt útgefnum reikningi enda hafi stjórn fyrirfram samþykkt tímagjaldið. Laun formanns endurskoðunarnefndar verði 155.000 kr. á mánuði.
- Laun nefndarmanna í tilnefningarnefnd verði 65.000 kr. á mánuði en laun formanns tilnefningarnefndar verði 100.000 kr. á mánuði.

4. Starfskjarastefna félagsins

Aðalfundur samþykkti að ákvæði starfskjarastefnu haldist óbreytt.

5. Kosning félagsstjórnar

Eftirtalin voru kosin í stjórn félagsins:

- Bjarni Kristján Þorvarðarson
- Eyjólfur Árni Rafnsson
- Guðrún Bergsteinsdóttir
- Hersir Sigurgeirsson
- Ragnheiður Harðar Harðardóttir

6. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags

Aðalfundur samþykkti að Deloitte ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

7. Heimild til kaupa á eigin hlutum

Aðalfundur samþykkti tillögu stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutum sem nemur allt að 10% af heildarhlutafé félagsins, í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga, í þeim tilgangi að (1) koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu, (2) gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum, og/eða (3) setja upp formlega endurkaupaáætlun.

8. Önnur mál sem löglega eru fram borin

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum og var honum slitið kl. 16:40.